

Dagskrá Richard Wagner félagsins framundan.

Í Norræna húsinu, þriðjudaginn 26.mars kl.20.30:

Málþing í samvinnu við Félag íslenskra fræða og Norræna húsið undir yfirskriftinni:

Richard Wagner og íslensk fornrit.

Fyrirlesarar:

Arni Björnsson: Fornsagnaáhrif í Þýskalandi fyrir daga Richards Wagner.

Þorsteinn Gylfason: Braglist Wagners.

Jóhannes Jónasson: Í garði Gjúkunga: Lítið eitt um Richard Wagner og Þiðrekssögu.

Fundarstjóri: Guðrún Nordal.

Í Safnaðarheimili Dómkirkjunnar, föstudaginn langa 5.apríl kl.14.00:

Óperan Parsifal sýnd af myndbandi (laserdisk).
Inngangsorð: Séra Hjalti Guðmundsson, dómkirkjuprestur.

Sýnd verður upptaka frá Metropolitan óperunni í New York sem gerð var árið 1992.(Enskur skjátexti). Hljómsveitarstjóri James Levine. Leikstjóri Otto Schenk. Í helstu hlutverkum: Siegfried Jerusalem, Waltraut Meier, Kurt Moll, Bernd Weikl, Franz Mazura, Jan-Hendrik Rootering.

Í Íslensku óperunni laugardaginn 21.september kl. 16.00:

Tónleikar bandarísku söngkonunnar Liu Frey-Rabine í samvinnu við Styrktarfélag Íslensku óperunnar.

Sópransöngkonan Lia Frey-Rabine á að baki glæsilegan feril í óperuhúsum víða um heim. Þekktust er hún þó Íslendingum fyrir ógleymanlega frammistöðu sína í hlutverki Brynhildar í íslensku uppfærslunni á Niflungahringnum. (*Dagsetning með fyrirvara*).